

Ed.

168. Frumvarp til laga

[133. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Um rétt viðskiptabanka til að versla með erlendan gjaldeyri fer eftir lögum um Seðlabanka Íslands. Bankastjórn Seðlabankans er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að leyfa sparisjóðum að versla með gjaldeyri innan takmarka sem hún ákveður. Ákvæði laga þessara um gjaldeyrisviðskiptabanka taka til sparisjóða og pósthjónarinnar að því marki sem þessum aðilum er heimilt að versla með gjaldeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er því m. a. lýst yfir að unnið skuli að auknu frjálsræði í gjaldeyrisverslun. Í samræmi við þessa yfirlýsingu stendur fyrir dyrum að veita hlutafélagsbönkunum leyfi til gjaldeyrisverslunar. Fyrst um sinn verða væntanleg leyfi við það miðuð að þessir bankar sinni tvenns konar gjaldeyrisþjónustu, þ. e. opnun innlendra gjaldeyrisreikninga og viðskiptum við ferðamenn.

Frá jafnræðissjónarmiði þykir eðlilegt að sparisjóðirnir hafi sama rétt og viðskiptabankarnir til gjaldeyrisverslunar.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að 5. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála verði breytt á þann veg að heimilt verði að veita sparisjóðum leyfi til gjaldeyrisverslunar á hliðstæðan hátt og nú gildir um viðskiptabanka. Segir í frumvarpinu að ákvæði laga nr. 63/1979 um gjaldeyrisbanka skuli ná til sparisjóða og pósthjónarinnar eftir því sem við getur átt.